



# Helstu kennileiti

Gönguleiðir um þinghelgina og nágrenni (rauðmerktar á kortinu) eru um 3-4 km að lengd og tekur um 1-2 klst að ganga þar um, eftir því hversu langt er farið.

Leiðin hefst við útsýnispall fyrir utan gestastofuna og liggur niður Almannagjá (1), sem markar eystri mörk Norður-Ameríku-flekans. Fimm kílómetrum austur, við Hrafnagjá, koma mörk Hreppaflekans, lítillar jarðskorpuflísar en svæðið þar á milli er sigdalur. Eftir skamma stund er komið að Lögbergi (2) sem var miðpunktur alþingis milli 930-1262/4. Þar er forn, hringmynduð áhleðsla í gjárhallinum þar sem lög, tilkynningar og fyrirskipanir voru þuldar upphátt. Þaðan liggur leiðin fram hjá Drekkingshyl og niður að völlum. Beygist þar leiðin upp hallinn og að Öxarárfossi (3), sem talið er að hafi verið veitt þar niður til forna. Fossinn rennur ofan í Stekkjargjá (4), nefnd eftir stekk sem þar er. Þar lá ein aðalleiðin til alþingis og voru dæmdir þjófar hengdir í klettum í gjánni á síðari öldum. Þegar aftur er komið niður á vellina liggur leiðin meðfram eystri bökkum Öxarár, fram hjá Flosagjá (5) með sínu silfurtæra grunnvatni, Þingvallabæ og Þingvallakirkju. Gengið er yfir brú á ánni að gamla Valhallarreitnum og að göngupalli undir Hallinum, þar sem sjá má fjölmargar þingbúðatóftir (6), sem hlaðnar voru á þingtímum og tjaldað yfir.



## 1 Almannagjá

100 m / 2 mín

Sjö kílómetra löng gjá, kennd við almenning, sem markar eystri enda Norður-Ameríku-flekans.



## 2 Lögberg

550 m / 6 mín


Miðpunktur alþingis á fyrstu öldum þess þar sem lög voru þulin upp og þingsköp haldin.



## 3 Öxarárfoss

1600 m / 20 mín

Tæplega 13 metra hár foss, sem talið er að hafi verið veitt í sinn núverandi farveg til forna.



## 4 Stekkjargjá

1800 m / 22 mín

Hluti Almannagjár þar sem ær voru mjólkaðar og þjófar hengdir.



## 5 Flosagjá

850 m / 10 mín

Djúp gjá með ísköldu, kristaltæru uppsprettuvatni sem á uppruna sinn í Langjökli.



## 6 Þingbúðir

400 m / 5 mín

Vallgrónar leifar af ferköntuðum hleðslum, sem tjaldað var yfir til forna á meðan þingtíma stóð.